



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sigurður Guðmundsson  
Möðruvöllum 1  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 25. október 2005

Tilvísun: UST20051000118/óaj

### Deiliskipulag sumarhúsalóða í Brekkum í landi Möðruvalla 1 í Kjós


Vísað er til bréfs Sigurðar Guðmundssonar, dags. 25. október sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag sumarhúsalóða í svonefndum Brekkum í landi Möðruvalla 1 í Kjósarhreppi. Fyrirhugað er að reisa 7 sumarhúsalóðir, hver um sig á u.þ.b. 0,5 ha landi. Minnsta fjarlægð frá Laxá að svæðinu er 102 metrar. Innan byggingarreita má byggja einnar hæðar frístundahús með risi, allt að 120 m<sup>2</sup> og gestahús allt að 30 m<sup>2</sup>.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er á náttúruminjaskrá, Laxárvogur og Laxá í Kjós, en um svæðið segir í skránni:

*Laxárvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1) Grunnsvævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stiflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. (2) Í Laxárvogi eru viðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.*

Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða á skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbeð. Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreint deiliskipulag ekki hafa veruleg áhrif á Laxá og umhverfi árinna, enda er fjarlægð frá Laxá að sumarhúsasvæðinu a.m.k. 100 metrar. Þar með er einnig tryggt nægjanlegt rými fyrir útivist meðfram ánni. Gæta skal að því að allar framkvæmdir á svæðinu valdi sem minnstri röskun. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulag sumarhúsalóða í landi Möðruvalla 1 í Kjós.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun